



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar 21.06.2023	Tími 17:00	Staður VHV - 007	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Rakel Anna Boulter	Fundarritari Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	Dags. rituð 21.06.23	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u> Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva) Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka) <i>mætti 17:07</i> Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva) Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka) <i>mætti 17:07</i> Kristmundur Pétursson (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u> Brynja María Bragadóttir fyrir Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur (Röskva) Daniel Thor Myer (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u> Guðni Thorlacius (Röskva) Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva) Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u> Tanja Sigmundsdóttir (Röskva) Dominika Ýr Teresudóttir fyrir Dagbjörtu Ósk Jóhannsdóttur (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u> Fjóla María Sigurðardóttir fyrir Maríu Rós Kaldalóns (Röskva) Davíð Ásmundsson (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u> Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari) Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunfulltrúi SHÍ Arent Orri Jónsson Signý Pála Pálsdóttir Sigurbjörg Guðmundsdóttir Sigurður Helgi Birgisson (LUF)			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u> Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u> Eiður Snær Unnarsson (Vaka)			
<u>Menntavísindasvið:</u> Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka)			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 21. júní í stofu VHV-007 kl. 17:00

1. Fundur settur 17:00 – 17:05

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:15

Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)

4. Tilkynningar og mál á döfinni 17:15-17:25

Announcements and issues ahead

5. Kynning á stefnu háskólans: HÍ26 frá Steinunni Gestsdóttir 17:25 - 17:40

Presentation on the Strategy of the University of Iceland 2021-2026

6. Fundarhlé 17:40 - 17:50

Intermission

7. Kynning um notendamiðaða stafræna þjónustu frá Guðnýju Benediktsdóttur 17:50 - 18:05

Introduction to user-centered digital services

8. Kynning og umræður um lækkingu kosningaaldurs með LUF - Landssambandi ungmennafélaga 18:05-18:30

Presentation and discussion on lowering the voting age with LUF - The National Youth Council of Iceland

9. Önnur mál 18:30-18:45

Other issues

10. Fundi slitið 18:45

Meeting adjourned



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:03

The President of the Student Council convenes the meeting

2. Fundargerð Skiptafundar Stúdentaráðs 23. maí borin upp til samþykktar (*atkvæðagreiðsla*)
17:05-17:10

Vote on minutes from the Student Council meeting on May 23rd.

1. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastjóri geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
2. Fundargerð má finna í fundargögnum.
3. Atkvæðagreiðsla fundargerðar.

Einróma samþykkt með 12 atkvæðum

Daníel Hjörvar Guðmundsson og Júlíus Viggó Ólafsson mæta 17:07

3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (*atkvæðagreiðsla*)

Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)

1. Þessum lið frestað að nýju - verður að bíða.

4. Tilkynningar og mál á döfinni 17:07

Announcements and issues ahead

- a. **Starfsemi skrifstofu:** Jean-Rémi hefur verið ráðinn nýr ritstjóri Stúdentablaðsins og Nana Rasmussen hefur verið ráðin nýr alþjóðafulltrúi. Rökstuðningur þess efnis birtur á miðlum Stúdentaráðs. Eins og tilgreint var á síðasta fundi eru þrír faglega ráðnir fulltrúar á skrifstofunni og heldur Guðmundur áfram sem framkvæmdastjóri ráðsins. Skv. C. lið 26. gr. laganna skal fjöldi umsækjenda gerður opinber. Alls sóttu 9 manns um stöðu alþjóðafulltrúa og 4 um stöðu ritstjóra, þar af dró 1 umsókn sína til baka. Nana hefur hafið störf en Jean-Rémi verður erlendis í júní og er því lítið byrjaður, en þó aðeins.
- b. **Opnunartími skrifstofu í sumar:** Stjórn hefur samþykkt styttri opnunartíma á skrifstofu Stúdentaráðs í sumar, hún verður opin frá 10-14 alla virka daga í júní og júlí fyrir utan tvær vikur í júlí, þar sem henni verður lokað alveg vegna sumarleyfa en tölvupóstum þó enn svarað eins fljótt og auðið er.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- c. **Endurskoðun á lögum um menntasjóð námsmanna:** Rakel Anna og Alexandra Ýr, forseti LÍS - Landssamtaka íslenskra stúdenta skrifuðu grein um samráðsleysi sem hefur einkennt síðastliði ár hvað varðar Endurskoðun á lögum um menntasjóð námsmanna. Forseti útskýrir málið frá grunni: 2020 í júní voru sett ný lög menntasjóð námsmanna, m.a. nafnabreyting, hét áður LÍN. Þar kom fram að: þau lög skyldu endurskoðuð innan þriggja ára frá því að þau koma til framkvæmda. Ráðherra skal kynna niðurstöður endurskoðunarinnar eigi síðar en á haustþingi 2023. Allan síðasta vetur var beðið um samráð að hálfu stúdenta, án árangurs. Í janúar gaf SHÍ út stefnu varðandi endurskoðun á lögum um menntasjóðinn og í febrúar var haldin opin fundur með LÍS þar sem kröfur stúdenta voru kynntar. En ekkert hefur heyrst um hvort og þá hvernig þau sjónarmið sem þar komu fram verða nýtt.

Þess vegna var gripið til þess örþrifaráðs að skrifa grein. Núna er sumarfrí og eftir það hefst haustþing svo það er enginn tími eftir. Það er því ekki hægt að fresta samráðinu mikið lengur. Í kjölfarið birti Stúdentaráðs samantekt á nokkrum punktum á instagram og twitter. Greinin var í mest lesið á Vísi nær allan daginn.

Greinaskrifin báru heldur betur árangur: Í vetur hafa stúdenta hreyfingarnar átt mánaðarlegum samráðsfundum við ráðherra. Þeim var aflýst í sumar og svaraði LÍS þeim pósti og ítrekaði við ráðuneytið að ósætti væri meðal stúdenta með samráðsleysi. Barst þá svar frá ráðherra þar sem í fyrsta sinn var sett fram einhverskonar tímalínu. Núna lítur allt út fyrir að skýrslan verði kynnt í nóvember. Þá eiga fyrstu drög af skýrslunni að vera tilbúin strax eftir sumarfrí og þá á að halda vinnustofu um þau drög skýrslunnar.

Einnig er í vinnslu að vinna könnun með ráðuneytinu um námslánþega og þau sem ekki taka námslán til að kanna ástæður þess. Lögð var áhersla á að slík könnun yrði unnin í nánú samræði við fulltrúa stúdenta og tók ráðuneytið undir þær óskir.

- d. **Samskipti við rektorsskrifstofu:** Forseti á reglulega fundi með rektor yfir starfsárið og fer yfir hlutverk og markmið þeirra.

Reglulegir fundir á tveggja vikna fresti. Tryggja gott samráð. Koma okkar áherslumálum skýrlega á framfæri. Sömu leiðis til að fá upplýsingar frá honum. Ykkur er velkomið að koma málefnum áleiðis til mín sem þið viljið að rædd séu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

á fundunum eða biðja um að koma með mér á fundina eins og háttur hefur verið á síðustu ár.

- e. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 13.júní, sagt frá síðastu fundum stjórnar og því sem þar fór fram.

Stjórnin fundar mánaðarlega á mótí stúdentaráðsfundum. Í stjórn sitja sviðsráðsforsetar allra fræðasviða ásamt forseta og varaforseta. Framkv.stjóri ritar fundargerðir. Áheyrnafulltrúar eru oddvitar beggja fylkinga og fulltrúi FEDON-félags doktorsnema og þið verðið jafnan upplýst um starfsemi stjórnar

- f. **Félagsstofnun stúdenta:** Forseti er með áheyrnarrétt á fundum stjórnar FS og segir frá fyrirkomulag þeirra. - *Næsti fundur verður í ágúst, ekki mikið að segja. Stjórn FS tekur fyrir stefnumótun fyrirtækisins og rekstur*

- g. **Fulltrúar stúdenta í stjórn FS:** Í stjórn FS sitja þrír fulltrúar stúdenta sem sitja til tveggja ára. Auglýst var eftir umsóknum í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (á miðlum ráðsins og í pósti til allra stúdenta) og var umsóknarfrestur til og með 11.júní. Samkvæmt verklagsreglum tekur stjórn SHÍ ákvörðun um hver hljóta sætin eftir faglegu ferli og upplýsir stúdentaráð.

Alls bárust þrjár umsóknir í þær þrjár lausu stöður sem voru auglýstar. Allt voru það fulltrúar sem hafa setið áður í stjórninni. Þetta eru Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir sem hefur verið stjórnarformaður frá 2019, Brynhildur Bolladóttir, hefur setið í stjórn frá 2017, þ.e. í 6 ár og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, hefur setið í stjórn í 4 ár. Tekin var ákvörðun um að öll hlytu sæti í stjórn Félagsstofnunar Stúdenta.

Ég vil tryggja gott samráð stúdentaráðs við fulltrúa okkar í stjórninni og því stakk ég upp á við þau öll - að þau kæmu á stúdentaráðsfund í vetur. Þá getum við átt í samræðum um rekstur FS og þið komið ábendingum á framfæri. Annars er líka alltaf hægt að koma ábendingum á framfæri við mig.

- h. **Skipun fulltrúa stúdenta í skipulagsnefnd háskólaráðs:** Samkvæmt 21. gr. laga Stúdentaráðs skal Stúdentaráð skipa fulltrúa stúdenta í nefndir háskólaráðs. Í verklagsreglum kemur fram að óski fulltrúi eftir að sitja áfram í nefnd skal stjórn Stúdentaráðs taka beiðnina fyrir og gera Stúdentaráði grein fyrir ákvörðun sinni. Nefndin var aðeins skipuð til 30. júní 2023 en hefur óskað eftir framlengdu umboði til að klára ákveðin verkefni, en henni er ætlað að undirbúa áætlun um heildarskipulag háskólasvæðisins með



Stúdentaráð Háskóla Íslands

framtíðaruppbyggingu í huga. Gert er ráð fyrir að nefndin skili því í haust og verði þá lögð niður. Því hefur stjórn SHÍ samþykkt áframhaldandi setu Sindra Freys Ásgeirssonar í nefndinni.

Hann kemur til með að kynna þessa skýrslu fyrir okkur í haust, á stúdentaráðsfundi, þó það sé ekki alveg ljóst hvenær það verður.

- i. **Hagsmunaskrá Stúdentaráðs:** Samkvæmt lögum Stúdentaráðs hafa allir meðlimir Stúdentaráðs upplýsingaskyldu gagnvart ráðinu og stúdentum vegna starfa sinna inn félags- og stjórnsmálastarfs. Skráin er þannig samansafn af upplýsingum um starfsemi fulltrúana til að auka gagnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Skráin var send út í morgun. Ég hvet ykkur til að drífa það af að fylla hana út. Það þarf að fylla hana út fyrir þriðjudaginn í næstu viku. Ef það vakna einhverjar spurningar má senda á mig.

- j. **Skipan í stjórn BN, byggingafélag námsmanna:** Aðalfundur BN fór fram í byrjun júní. Stjórn SHÍ tók ákvörðun um hver sætu fundinn sem fulltrúar SHÍ og hver yrði tilnefning í stöðu varafulltrúa í stjórn félagsins. Fulltrúar SHÍ á fundinum voru Rakel Anna Boulter, Rannveig Klara Guðmundsdóttir, Dagur Kárason og Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir. Gísli Laufeyjarson Höskuldsson var kjörin varafulltrúi í stjórn BN. Í stjórn sjóðsins sitja þegar Rebekka Karlsdóttir og Jessý Jónsdóttir fyrir hönd SHÍ. Þær voru kjörnar í fyrra og sitja til tveggja ára.

- k. **Skipan varafulltrúa í stjórn MSNM:** Varafulltrúi í stjórn Menntasjóðs námsmanna skal koma úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs skv. lögum SHÍ. Samkvæmt lögum MSN skal varafulltrúinn vera af öðru kyni en aðalfulltrúinn. Stjórn Stúdentaráðs samþykkti Rakel Önnu Boulter sem varafulltrúa Gísla lánasjóðsfulltrúa.

- l. **Handbók Stúdentaráðs 2022-2023:** Er komin inn á Teams. Tól allra meðlima Stúdentaráðs sem skal hafa innan handar.

- m. **Staða á stefnumótunarferð:** Fer fram 8.-9. júlí. Upplýst um skipulagningu á ferðinni. Ítreka mikilvægi mætingar

Staðsetning verður kynnt VON BRÁÐAR

Dagskráin að mörgu leyti tilbúin, það verður farið í að móta frkv. áætlanir sviðsráða og nefnda. Þetta er stuð. Auðvitað skoðum við stefnuna, þetta er



Stúdentaráð Háskóla Íslands

stefnumótunarferð. Markmiðið er að móta okkur stefnu en einnig að koma hópnum saman.

- n. **Næstu fundir Stúdentaráðs:** Stjórn Stúdentaráðs hefur ákveðið að stefna að því að ekki verði haldinn fundur í júlí, með fyrirvara um að ef upp kemur mál sem ekki getur beðið afgreiðslu verði boðað til fundar. Stefnt er að því að ágúst fundur verði í vikunni 21. - 25. ágúst. **Mikilvægt að líta á stefnumótunarferðina sem stúdentaráðsfund, alveg jafn mikilvæg.*
- o. **Mánaðarlegir pistlar forseta:** Forseti mun halda áfram þeim góða sið fyrrum forseta að setja inn mánaðarlega upplýsingapistla inn á Teams.

5. Kynning á stefnu háskólans: HÍ26 frá Steinunni Gestsdóttir 17:21

Presentation on the Strategy of the University of Iceland 2021-2026

- a. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektr kennslumála, kynrir HÍ26
- b. Opið fyrir spurningar
- c. Steinunn fór einnig örsnöggt yfir uppbyggingu og helstu atriði skýrslu Isabel Alejandra Días, fyrrverandi forseta SHÍ, sem fjallar um áherslur stúdenta á HÍ26 stefnuna.

6. Fundarhlé 17:58

Intermission

7. Kynning um notendamiðaða stafræna þjónustu frá Guðnýju Benediktsdóttur 17:50 - 18:05

Introduction to user-centered digital services

- a. *Fundarliður féll niður vegna forfalla.*

8. Kynning og umræður um lækkun kosningaaldurs með LUF - Landssambandi ungmennafélaga 18:11

Presentation and discussion on lowering the voting age with LUF - The National Youth Council of Iceland

- a. Sigurður Helgi, lögmaður ungmennafélaga (LUF) flytur erindi og fer yfir framsögu hugmyndarinnar.
- b. Minnisblaði forseta um málið er síðan varpað á tjaldið.
- c. Umræður

9. Önnur mál

Other issues

- a. *Engin önnur mál bárust.*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

10. Fundi slitið 18:52

Meeting adjourned